



**SJÁLFSAFGREIÐSLUSTÖÐ
GLERÁRTORGI
AKUREYRI**

Greinargerð um starfsemi stöðvarinnar



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

September 2022

EFNISYFIRLIT

1	BENSÍNSTÖÐ	1
1.1	STARFSMENN MEÐ TILLITI TIL ÁBYRGÐAR.....	1
1.2	AFSTÖÐUMYND BENSÍNSTÖÐVAR.....	1
1.3	TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR UM OLÍUGEYMI OG OLÚKERFI	1
1.3.1	Afgreiðslubúnaður.....	1
1.3.2	Eldsneytisgeymir.....	1
1.3.3	Olúlagnir	1
1.4	OLÚSKILJA	1
1.5	EFTIRLITSBÚNAÐUR	2
1.6	SLÖKKVITÆKI	2
1.7	MENGUNARVARNABÚNAÐUR.....	2
2	VIÐBRAGÐSÁÆTLUN VEGNA SLYSA OG ÓHAPPA	2
3	INNRA EFTIRLIT	2
3.1	DAGLEGT EFTIRLIT.....	2
3.2	VIKULEGT EFTIRLIT.....	2
3.3	MÁNAÐARLEGT EFTIRLIT	2
3.4	ÁRLEGT EFTIRLIT	3
4	MÓTTAKA ELDSNEYTIS Á BIRGÐAGEYMA	3
4.1	ÁBYRGÐ OLÍUBIFREIÐASTJÓRA	3
5	LÓÐ, HIRÐING OG UMGENGNI	3
5.1	HREINSUN Á OLÍUSKILJU, FRÁRENNSLISLÖGNUM OG SANDGILDRUM.....	3

1 BENSÍNSTÖÐ

1.1 Starfsmenn með tilliti til ábyrgðar

Framkvæmdarstjóri Atlantsolíu ber ábyrgð á daglegum rekstri bensínstöðvarinnar.

Tæknistjóri er tengiliður milli Atlantsolíu og þeirra fyrirtækja og stofnana er koma að eftirlits- og öryggismálum stöðvarinnar.

Viðskiptavinir dæla sjálfir á bifreiðar og er stöðin því skilgreind sem sjálfsafgreiðslu-stöð.

Olíuflutningabílstjórar sem hafa hlotið tilskylda þjálfun munu annast áfyllingu á birgðageymi stöðvarinnar.

1.2 Afstöðumynd bensínstöðvar

Teikningar af afstöðu tækja og búnaðar bensínstöðvarinnar eru í meðfylgjandi fylgiskjölum.

1.3 Tæknilegar upplýsingar um olúgeymi og olúkerfi

1.3.1 Afgreiðslubúnaður

Stöðin er útbúin sogkerfi þar sem dælnar eru í afgreiðslutækinu og soga upp úr geyminum. Stöðin er útbúin tveimur afgreiðslutækjum sem hvert er með sex afgreiðslubyssum fyrir bæði bensín, díselolíu og vélaolíu. Í afgreiðslutækjunum eru slittengi í tilfalli þess að ekið sé á brott án þess að taka afgreiðslubyssu úr bíl.

1.3.2 Eldsneytisgeymir

Á stöðinni er einn niðurgrafinn eldsneytisgeymir með tvöföldu byrði. Geymirinn rúmar 100.000 lítra (100 m³) og skiptist í 3 rými þar sem 50 m³ eru fyrir bensín, 30 m³ fyrir díselolíu og 20 m³ fyrir litaða díselolíu. Geymirinn er úr stáli með tvöfaldri skel skv. EN 12285-1. Til tæringarvarnar er geymirinn húðaður með plastefni (Endoprane Polyurethane) með þurrfilmþykkt >0,6 mm. Á geyminum er uppsett lekaviðvörðunarkerfi sem vaktar yfirborð frostlagar í holrými milli skelja. Um er að ræða vistvænan frostlög (mono-propylene glycol). Rafrænn skynjari gefur viðvörðunarkerfi í stjórn tölvu ef yfirborð frostlagarins lækkar. Frostlögurinn minnkar einnig hættu á tæringu og frostskeimmdum. Öll birgðarými geymisins eru útbúin hæðaskynjara til vöktunar og viðvörðunar komi til yfirfyllingar.

Staðsetningu og frágang geymisins má sjá nánar á uppdrætti í fylgiskjali 5.

1.3.3 Olúlagnir

Olúlagnir eru 3" málaðar stállagnir. Áfyllingarbarki frá tankbíl tengist áfyllingarlögn með 2,5"-3" hraðtengi.

Lega lagna og nánari lýsing er á uppdrætti í fylgiskjali 5.

1.4 Olúskilja

Við stöðina er sambyggð olú- og sandskilja sem tryggir að olía sem mögulega fer niður við áfyllingu á birgðageymi stöðvarinnar eða við áfyllingu viðskiptavinar á

bifreið fari ekki í frárennsliskerfi. Í skiljunni er rafrænn skynjari til að uppfylla gr. 20 í reglugerð 884/2017, um að olúskiljur skuli útbúnar sjálfvirkum viðvörunarbúnaði.

Afstöðumynd af olúskilju og nánari lýsing er í fylgiskjali 5.

1.5 Eftirlitsbúnaður

Eftirlitsmyndavélar fylgjast með afgreiðslubúnaði stöðvarinnar.

Birgðageymir stöðvarinnar er útbúinn rafrænum hæðamæli og vatnsnema.

Yfirfyllingarvarnarnemar eru í birgðageymi stöðvarinnar.

1.6 Slökkvitæki

Handslökkvitæki er til staðar ef til minni eldsvoða kemur.

Ef til stærri brunaóhappa kemur skal kalla til slökkvilið samkvæmt meðfylgjandi viðbragðsáætlun í fylgiskjali 5.

1.7 Mengunarvarnabúnaður

Mengunarvarnabúnaður er til staðar á bensínstöðinni til að koma í veg fyrir minni háttar skaða. Búnaðurinn samanstendur af ísogsefnum, ísogsmottum o.fl. Búnaðurinn er geymdur í skáp staðsettum við öndunarrör stöðvarinnar.

2 VIÐBRAGÐSÁÆTLUN VEGNA SLYSA OG ÓHAPPA

Viðbragðsáætlun stöðvarinnar má sjá í fylgiskjali 6 en hún er alltaf aðgengileg á sjálfsafgreiðslustöðinni. Viðbragðsáætlunin er einnig aðgengileg hjá Öryggismiðstöð Íslands hf. sem sér um öryggismál Atlantsolíu. Viðbragðsáætlun snýr að tveimur þáttum:

- Mengunaróhöpp og slys
- Bruni

3 INNRA EFTIRLIT

3.1 Daglegt eftirlit

Eftirlit með birgðastöðu fer fram daglega með aflestri rafrænna hæðamæla í birgðageymi.

3.2 Vikulegt eftirlit

Starfsmenn tæknideildar fara tvisvar í viku í eftirlitsferð á stöðina, þrifa dælur og fara almennt yfir tæki stöðvarinnar.

3.3 Mánaðarlegt eftirlit

Mánaðarlega er fylgst með því hvort vatn sé í birgðageymi og gerður samanburður á rafrænum nema og handmælingu. Niðurstöður eru skráðar í eftirlitsbók.

Mánaðarlega er magn í birgðageymi mælt og gerður samanburður á rafrænum nema og handmælingu. Niðurstöður eru skráðar í eftirlitsbók.

Mánaðarlega er fylgst með magni sora í sandskilju og olíumagni í olíuskilju. Niðurstöður eru skráðar í eftirlitsbók.

Vöktunarbúnaður birgðageymis er prófaður mánaðarlega og niðurstöður skráðar í eftirlitsbók.

Mánaðarlega er farið almennt yfir stöðina samkvæmt eyðublaði fyrir umhirðu utanhúss og niðurstöður skráðar.

3.4 Árlegt eftirlit

Vöktunarbúnaður stöðvarinnar er yfirfarinn árlega samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og niðurstöður prófana skráðar á eyðublað fyrir viðhald og breytingar.

4 MÓTTAKA ELDSNEYTIS Á BIRGÐAGEYMA

4.1 Ábyrgð olíubifreiðastjóra

Í hvert skipti sem olíubifreiðastjóri fyllir á eldsneytisbirgðageyminn ber honum að skrá það í handbók sína.

Olíubifreiðastjóri með fullgild ADR réttindi er ávallt vera staðsettur við olíubíl á meðan áfylling fer fram.

5 LÓÐ, HIRÐING OG UMGENGNI

Atlantsolía leggur áherslu á þrífalegt ytra umhverfi stöðvarinnar og heldur bókhald um ástand og umhirðu utanhúss.

5.1 Hreinsun á olíuskilju, frárennislögnum og sandgildrum

Einu sinni á ári er hreinsað upp úr sandföngum niðurfalla og brunna.

Olíu- og sandskilja er tæmd einu sinni á ári hið minnsta eins og lög kveða á um.